

Sp.

220. Tillaga til þingsályktunar

um innheimtu og endurgreiðslu berklavarnagjalds fyrir 1936.

Flm.: Gíslí Sveinsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Sigurður Hlíðar, Þor Þors.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta falla niður innheimtu á berklavarnagjöldum sýslu- og bæjarsjóða fyrir árið 1936, og endurgreiða gjaldið þeim sýslu- og bæjarsjóðum, er þegar hafa greitt það.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi (fyrri hluta þ. á.) var þáttill. sama efnis og þessi fram borin, en dagaði þá uppi vegna þingrofsins. Ástæðurnar fyrir henni eru enn þær sömu. Í grg. fyrir henni þá segir:

„Berklavarnagjaldið til ríkissjóðs hefir á undanförunum árum verið með þungbærustu byrðum héraðanna, og hafa af þeim sökum verið bornar fram tillögur á síðustu þingum um lækkun þess eða niðurfelling með öllu. -- Með nýrri löggjöf er gjald þetta nú horfið af sýslu- og bæjarsjóðum, frá 1. jan. þ. á., og komið að hluta á hreppssjóðina, sem ekki er heldur sanngjarnt. En að öllu athuguðu má réttmætt kallast, að héruðin verði leyst undan gjaldskyldunni fyrir þetta síðasta ár. . . . Sumar sýslur og kaupstaðir hafa ekki greitt um árabíl, og hefir þannig myndast óhafandi misrétti.“

Í okt. í haust var ógreitt af þessum gjöldum milli 130 og 140 þús. kr.
Nánar í framsögu.